

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð sjúklinga á sjúkraskýlinu á Hvammstanga“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 31. október 1933. Skipulagsskráin er þannig: 105  
31. okt.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð sjúklinga á sjúkraskýlinu á Hvammstanga.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1933, af hjúkrunarkonu Margræti Halldórsdóttur frá Hrosshaga í Biskupstungum, með kr. 6000,00 — sex þúsund — krónum.

### 2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja fáteka sjúklinga í sjúkraskýlinu á Hvammstanga, yngri og eldri, sérstaklega þá, er ekki njóta verulegs styrks annarsstaðar frá.

### 3. gr.

Árlega skal varið til styrktar sjúklingum  $\frac{4}{5}$  hlutum ársvaxta sjóðsins undanfarið ár, í fyrsta skipti árið 1934 og úthlutast þeir vextir í janúarmánuði ár hvert, til sjúklinga þeirra, er dvalið hafa í sjúkraskýlinu á Hvammstanga undanfarið ár. Minnstur styrkur sé kr. 50,00 — fimmtíu krónur — í hlut.  $\frac{1}{5}$  hluti vaxtanna leggist árlega við höfuðstólinn. Auk þess leggist árlega við höfuðstólinn gjafir, áheit og annað fé, er sjóðnum kann að berast, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

### 4. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu, og ávaxtast í lánsstofnun þeirri, er sýslunefndin álitur tryggasta og arðgæfasta á hverjum tíma.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 — þrjú — menn, er sýslunefndin kys árlega. Í fyrsta sinn á aðalfundi sínum árið 1933 og skipti hún með sér störfum.

### 6. gr.

Stjórnin hefir á hendi reikningshald sjóðsins og úthlutun styrkja úr honum, skal hvorttveggja reikningur sjóðsins og skrá um úthlutun styrkja úr honum, ásamt rökstuddri greinargerð fyrir úthlutuninni leggjast fyrir hvern aðalfund sýslunefndar til samþykktar.

### 7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Sjúkraskýlinu á Hvammstanga á sumardaginn fyrsta 1933.

Margrét Halldórsdóttir.